Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2025-10-06 12:47:14 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2025-10-06 14:34:07 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR
2025-10-06 16:11:05 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Mánudaginn 29. september 2025 klukkan 08:30 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í gegnum fjarfundarbúnað Teams.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson formaður, Rósa Steingrímsdóttir og Oddur Gunnar Jónsson.

Fundarefni: Fjármál Grindavíkurbæjar

Á 431. fundi nefndarinnar mætti Karl Björnsson, ráðgjafi Grindavíkurbæjar og kynnti tvær sviðsmyndir fyrir Grindavíkurbæ fyrir árin 2025 (útkomuspá) og áætlanir 2026-2028. Niðurstaða þeirrar vinnu er að sveitarfélagið standist ekki jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga fyrir tilgreind ár og ekki sé ljóst hvenær það næst að fullu.

Rædd var fjárhagsleg staða og afkomuhorfur bæjarfélagsins og ýmsar afleiðingar eldgosa í nágrenni byggðarinnar og tengt aflögun innan hennar.

Ljóst er að rekstrargrundvöllur Grindavíkurbæjar með tæplega 4.000 íbúa fyrir hamfarir og með innviði í samræmi við það er brostinn. Skatttekjur hafa fallið í samræmi við fækkun íbúa en rekstrarkostnaður ekki fylgt þeim lækkunum að öllu leyti. Einnig fylgdi með lögum um uppkaup fasteigna í bæjarfélaginu að kaupandinn (Þórkatla) er m.a. undanskilinn því að greiða fasteignagjöld, sem er almennur tekjustofn sveitarfélaga óháð íbúafjölda, af keyptum eignum án þess þó að bæjarfélagið sé undanþegið skyldu til að veita þá þjónustu sem fasteignagjöldum er almennt ætlað að standa undir, þ.e. rekstri, viðhaldi og endurbótum á veitu- og gatnakerfi o.fl. Nú þegar hafa tæpar 1.000 umsóknir um uppkaup borist Þórkötlu og um 955 verið samþykktar. Sveitarfélagið hefur enga möguleika til tekjuöflunar af þeim eignum en rekur veitukerfin og gatnakerfi sem þessar eignir nýta. Íbúafjöldi er rétt tæplega 900 sem stendur og erfitt að standa undir rekstri innviða fyrir um 4.000 manna bæjarfélag með þetta fáum íbúum.

Ljóst er að þetta kemur afar illa við fjárhag sveitarfélagsins og skekkir verulega þá mynd sem af rekstri þess birtist umfram það sem beint tengist nálægum náttúruhamförum. Ekki er ljóst hvort þeim hamförum er lokið en í framlögðum sviðsmyndum var m.a. horft til þess að unnið verði að endurreisn sveitarfélagsins og framtíð þess tryggð.

Fyrir liggur ákvæði í samkomulagi við innviðaráðuneytið, sem EFS hefur eftirlit með á grundvelli 83. gr. sveitarstjórnarlaga, um að sveitarfélaginu verði veitt fjárframlag að fjárhæð allt að kr. 600 milljónir króna.

Það er mat nefndarinnar að á grundvelli ofangreindra atriða sé full ástæða til að umrætt samkomulag verði efnt og sveitarfélaginu greitt framlagið til að mæta neikvæðum rekstrarjöfnuði enda lítur nefndin svo á að áform um enduruppbyggingu Grindavíkur, þ.m.t. að ná íbúunum til baka að loknum fyrrgreindum hamförum, verði betur tryggð sé rekstur sveitarfélagsins sjálfbær og tilbúinn til endurreisnar og að taka við íbúunum.

Fundi slitið klukkan 8:50. Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.